

"Jæja, sömu lögin gilda einnig fyrir mig, ég verð að uppfylla sömu skyldu. Það, sem minn elskaði, horfni eiginmaður bauð, verð ég að efna, hve sárt, sem mig tekur það, og hve mikla sjálfsafneitun, sem ég verð að þola. Finst þér það ekki, sonur minn?"

"Jú, mamma, en hefir þá faðir minn bannað þér að biðja hinn ríka son um hjálp handa hinum lá-taka?"

"Þegar ég sá föður þinn í síðasta sinn, Móríts, sagði hann við mig: Ég fer nú burt, langt í burt, góða vina mín, og við sjáumst ekki um langan tíma. Ég hefi samt séð svo um, að þú og sonur okkar getið með sparnaði lifað sómasamlega á ókomna tímanum, og áður en ég dey, skal ég sjá um afkomu ykkar enn betur. En þess krefst ég af þér, Agústa, að þú segir engum frá giftingu okkar. Ég vil ekki að sonur minn viti nafn eða stöðu föður síns, fyr en hann er 20 ára gamall. Ég vil ekki, að hann alist upp við auð og iðjuleysi, heldur við sparssemi og iðnað, svo að hann, þegar hann af ein ramleik hefir aflað sér auðs, kunni að nota hann á heiðarlegan hátt. Viltu lofa mér þessu, elsku vina mín? Ég lofaði þessu, og það er af þeim ástæðum, að ég get ekki leitað líkennis bróður þíns, því þetta lof-orð er heilagt."

"Já, móðir mín, ég skil þetta, en hvers vegna krafðist faðir minn slíks loforðs af þér?"

"Hann kvaðst hafa séð það á eldra syni sínum, hve skaðleg áhrif vissan um auðinn gæti haft. Þessi sonur hans heitði verið vanþakklátur, látur og léttrúðarfullur, — bakað föður sínum hrygð. Þess vegna vildi þessi góði og eðllyndi maður láta ala þig upp á annan hátt, hann vildi ekki, að þú vissir að þú værir ríkur, hann vildi að þú skyldir sjálfur brjóta þér braut og vinna fyrir brauði þínu. Hann gat gert þig ríkan, en hann vildi það ekki, svo auðurinn